**Launuð vinna samhliða hjúkrunarnámi: Áskoranir fyrir fullt staðnám**

**Bakgrunnur:** Umræða um dræma mætingu háskólanema í staðkennslu hefur vakið spurningar um samspil náms og atvinnuþátttöku. Launuð vinna samhliða fullu námi getur takmarkað þann tíma sem nemendur hafa til náms og þátttöku í kennslu. Upplýsingar um umfang vinnu með námi eru því mikilvægar til að skilja aðstæður nemenda og áskoranir sem þeir standa frammi fyrir. Markmið rannsóknarinnar var að lýsa atvinnuþátttöku hjúkrunarfræðinema og umfangi launaðrar vinnu samhliða námi við Háskóla Íslands.

**Aðferð:** Rannsóknin byggðist á rafrænni spurningakönnun sem lögð var fyrir hjúkrunarfræðinema við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands vorið 2024. Boð um þátttöku voru send á netföng nemenda og svöruðu 62 nemendur könnuninni. Spurt var um atvinnuþátttöku og fjölda vinnustunda samhliða námi. Niðurstöður um atvinnuþátttöku eru settar fram með lýsandi tölfræði. Álits var leitað hjá Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir.

**Niðurstöður:** Af 62 þátttakendum sögðust 97% vinna með námi. Meðal þeirra sem unnu með námi unnu 20% að meðaltali átta klukkustundir eða minna á viku, 35% unnu 9–16 klukkustundir, tæplega þriðjungur vann 17–24 klukkustundir og 12% unnu 25–32 klukkustundir.

**Ályktanir:** Launuð vinna samhliða hjúkrunarnámi var útbreidd meðal þátttakenda og verulegur hluti þeirra vann meira en 16 klukkustundir á viku. Niðurstöðurnar vekja spurningar um svigrúm nemenda til að sinna fullu staðnámi samhliða vinnu, en af þeim er ekki hægt að ályktа um tengsl atvinnuþátttöku og mætingar í kennslu. Rýnihópaviðtöl gætu varpað frekara ljósi á ástæður atvinnuþátttöku og hvernig nemendur samræma vinnu, námsálag og þátttöku í staðkennslu.

**Lykilorð:** Hjúkrunarfræðinám, háskólanemar, launuð vinna, staðnám, mæting.